


Fagrað

Æskulýðsvettvangsins

Hvert á ég að leita ef ég hef orðið fyrir kynferðisbroti innan aðildarfélaga ÆV?



**ÆSKULÝÐS
VETTANGURINN**




Skátarnir

Hvert á ég að leita ef ég hef orðið fyrir

Fagráð Æskulýðsvettvangsins


Aðildarfélag Æskulýðsvettvangsins, ÆV, líða ekki ofbeldi af neinu tagi innan síns starfs. Á vegum ÆV starfar fagráð sem hefur það hlutverk að vinna með og leysa mál er tengjast kynferðisbrotum sem framin hafa verið í starfi aðildarfélaga ÆV. Fagráð ÆV tekur við málum sem upp koma og sér til þess að þau fái viðhlítandi málsmeðferð. Jafnframt leiðbeinir það þolendum um málsmeðferð og sér til þess að þeir fái stuðning. Fagráðið tekur bæði á málum sem eru ný og eldri málum.



Fagráð ÆV er skipað fjórum einstaklingum, einum frá hverju aðildarfélagi, sem hafa þekkingu á kynferðisbrotum. Stjórn ÆV skipar fimmta einstaklinginn sem er óháður aðildarfélagunum. Ráðið hefur aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf.

Hvað er kynferðisbrot?

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga.




Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar sam-

kynferðisbroti innan aðildarféлага ÆV

vinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinnuhótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm, ekki á jafnræðisgrundvelli.

Hvernig nærðu sambandi við fagráð Æskulýðsvettvangsins

Ef brotið hefur verið á þér kynferðislega í starfi einhvers af aðildarfélögum ÆV, býðst þér að hafa samband við fagráð ÆV og fá stuðning.




Aðildarfélög Æskulýðsvettvangsins eru: Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Ungmennafélag Íslands. Settu þig í samband við fagráð ÆV í gegnum tölvupóstinn fagrad@aeskulydsvettvangurinn.is Fagráðið mun í kjölfarið hafa samband við þig.

Trúnaður

Mæli lög ekki á annan veg er fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum Æskulýðsvettvangsins skylt að gæta þagmælsku um þau mál sem fagráðinu berast.

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota hjá Æskulýðsvettvanginum má sjá á heimasíðu ÆV, aeskulydsvettvangurinn.is

Tölvupóstur til fagráðs sendist til:
fagrad@aeskulydsvettvangurinn.is



Stefnuyfirlýsing Æskulýðsvettvangsins

Æskulýðsvettvangurinn telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi innan ÆV og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. ÆV leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eiga þannig að gæta vandvirkni og samviskusemi og koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. ÆV leggur einnig ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfboðaliðar séu fyrirmyndir þátttakenda og sýni góða hegðun og gott fordæmi, jafnt í starfi sem utan þess. Jafnframt telur ÆV mikilvægt að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglingum.

Helstu aðilar sem geta hjálpað þeim sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi:

Barnaverndarnefndir
Barnaheill
Barnahús
Blátt áfram
Fjölskylduráðgjöf sveitarfélaga
Heilsugæslustöðvar
Hjálparsími Rauða krossins, 1717

Lögreglan
Neyðarmóttaka vegna nauðgana
Kirkjan
Samtök um kvennaathvarf
Starfsfólk skólans
Stígamót



Æskulýðsvettvangurinn

Sigtún 42 - 105 Reykjavík - Sími 568 2929